

## Húsakönnun á Dalvík, hús byggð fyrir 1950 (IV áfangi, á Upsaströnd)

Árhóll 1933-34 (Upsabúð, Hansabúð, Hlaðka) ( Fastanúmer: 215-5336 / Landnúmer: 151788).

(Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar).

Árhóll. Torfbær sem skemmdist það mikið, að hann var óíbúðarfær. Ónýtur. Íbúar 6. Húsráðendur; Kristinn Jónasson og María Sigfúsdóttir.

Barð. (Upsabúð) Torfbær. Eyðilagðist – óbyggilegur. Íbúar 3. Húsráðendur; Sigurður Sigtryggsson og Dagbjört Björnsdóttir.

(Gamla húsið í Barði stóð upphaflega utan við Brimnesá rétt við Árhól og má segja að þeir hafi verð nánast samþyggðir og snúið bökkum saman, Árhóll snéri til sjávar en Barð til fjalls. Þetta var torfbær illa farinn þegar Sigurður Sigtryggsson flutti þangað úr Jaðri. Hann byggði þar á rústunum framhús og baðstofu og bjó þar ásamt konu sinni Dagbjörtu Björnsdóttur og dótturinni Steinunni. Þetta hús hrundi í jarðskjálftanum 1934).



(Fasteignarmat 1940).

Eigandi og ábúandi Kristinn Jónasson. Stærð lóðar 1/3 ha. Íbúðarhús af járbentri steinsteypu 1 hæð, ris með pappa og járnþaki. Stærð húss l: 6,35 b: 6,0 h: 3,4 m. Timburskúr með járnþaki stærð 3,0 x 6,0 x 2,0 m. Fjós fyrir 1 kú úr timbri með járnþaki. Fjárhús fyrir 10 kindur og hlaða 50 m3. úr timbri með járnþaki.

(Svarfdælingar seinna bindi bl. 450).

Stutt saga húss:

Þurrabúð þessi kemur til sögu 1885 og mun hafa verið samþyggð þeirri sem fyrir var. Nefndist fyrst Upsabúð, en Hans- eða Hansabúð eftir 1887. Fékk nafnið Hlaðka 1895 og hélt því til 1917, en hefur síðan heitið Árhóll. Hlöðkunafnið er forn, því getið er um Hlöðkubúð í Jarðabókinni frá 1710. Var það þurrabúð í Upsalandi, sem þá var í eyði. Má vera að hinari síðari búðir hafi staðið á fornum rústum hennar. Þarna var torfbær með einu heilbili fram til 1934, en hann eyðilagðist í jarðskjálftanum og þá var reist íbúðarhús á Árhóli af járbentri steinsteypu á einni hæð, með risi en pappi og



járn á þaki. Þetta hús stendur enn. Þá var Kristinn Jónasson ábúandi þar en hann tók við húsforráðum á Árhóli af móður sinni Karítas Hansdóttur árið 1921 og bjó þar til æviloka. Kona hans var Tryggvina María Sigfúsdóttir. Seinna var byggð álma áfost norðurhlíð hússins með risþaki og var þakstefnan þvert á þakstefnu eldra hússins. Dætur þeirra Kristins og Maríu, Rósa og Karítas, tóku við Árhóli eftir foreldra sína og bjuggu þar alla sína ævi eða þar til Karítas dó 1993 en þá fluttist Rósa á Dalbæ, heimili aldraðra á Dalvík og seldi núverandi eigendum, Jóni Emil Gylfasyni og Sigríði Kristinsdóttur Árhól.

## *Athugasemd um húsið:*

Litlar breytingar voru gerðar á Árhól í gegnum tíðina. Þó höfðu Rósa og Karítas látið blása einangrun inn í útveggi hússins á sínum tíma. En eftir að núverandi eigendur eignuðust húsið var farið í miklar aðgerðir og endurbætur á húsinu. Skipt var um þak á öllu húsinu, sperrur klæðning og járn. Risíð hækkað á norðurhluta hússins enda er steypt plata yfir þeim hluta, og þar uppi var útbúið um 50 m<sup>2</sup>. lofrými. Settir voru tveir þakgluggar á þetta nýja þak að sunnanverðu en stór riskvistur á norðurhlíðina. Við sama tækifæri var skipt um alla glugga og þeim breytt. Einnig var húsið allt einangrað að utan og klætt með trapisu-stáli. Breytingar á húsinu teiknaði Stefán Björnsson smiður á Dalvík en Sigurjón Kristjánsson og Vignir Hallgrímsson önnuðust smíðavinnu.

Staðurinn á sér merkilega sögu. Í svipmóti hússins má enn sjá örla fyrir húsinu sem byggt var eftir skjálftann 1934.

*Athugasemd um umhverfi húss:*

Stærð lóðar er 5.293 m<sup>2</sup>. eignalóð. Skúr á lóð var byggður 1958 og bílskúr 1983. garður er í kringum húsið með reyni og grenitrjám. Skjólgirðing er að norðan og vestan. Malar heimkeyrsla er frá þjóðvegi að bílskúr sem stendur norðan íbúðarhússins.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1921-1967 -1978	Kristinn Jónsson Tryggvína María Sigfúsdóttir  (fóstursonur)	Rósa Laufey (1921) Karítas Snjólaug (1928) Kristín Soffía (1928) Njáll Skarphéðinsson (1937)
1967-1994 -1993	<b>Rósa Kristinsdóttir</b> <b>Karitas Kristinsdóttir</b>	María (1958)
1993-2010	<b>Jón Emil Gylfason</b> <b>Sigríður Kristinsdóttir</b>	Elín María (1992) Gísli Þorlákur (1994)
2001-2005	Diljá Helgadóttir	
2010	Hafliði Jón Hauksson Robert David Goater	

**Bessastaðir 1935 (Mýrakot) ( Fastanúmer: 215-5344 / Landnúmer: 151791).**

(Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar).

Torfbær ónýtur. Óbyggilegur. Íbúar 8. Húsráðendur; Guðlaugur Þorleifsson og Andrea Bessadóttir.

(Fasteignarmat 1940).

Eigandi og ábúandi Guðlaugur Þorleifsson. Stærð lóðar 1 ha. Íbúðarhús úr steinsteypu, 1 hæð, ris og járnklætt þak. Stærð húss I: 9,0 b: 7,8 h: 3,7 m. Geymsla áfost úr timbri, járnklædd. Stærð 3,3 x 2,5 x 3,4 m.

Fjárhús fyrir 10 kindur úr torfi. Hlaða 25 m<sup>3</sup> úr torfi.



(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1984).

(Eigandi Hildur Pétursdóttir). Hús úr steinsteypu og timbri klætt asbesti, þak járnklætt risþak. Ein hæð skipt með timburskilrúnum og 5 herbergi, forstofu og gang. Stærð: L-8,9 B- 7,75 H- 3,50. Viðbygging úr timbri klædd asbesti skipt í 5 herbergi og forstofu. Stærð L- 4,4 B- 7,75 H- 3,5 (Geymsla 20,5 m<sup>2</sup>þ byggð 1935 / hesthús og hlaða 66,3 m<sup>2</sup>. byggð 1938 / hlaða 27,5 m<sup>2</sup>. byggð 1967

*Stutt saga húss:*

(Úr Svarfdælingum seinna hefti bl. 473).

Guðlaugur Jón Þorleifsson var fæddur á Upsum á Upsaströnd. Bjó á unga aldri úti í Héðinsfirði og Siglufirði en flutti aftur inn á Upsaströnd um 1920. Kona hans var Andrea Kristjana Bessadóttir frá Grundarkoti í Héðinsfirði. Hingað komin 1921 byggðu þau sér hús í landi Upsa og nefndu Mýrakot. Þetta var upphaflega torfbær, sem eyðilagðist í jarðskjálftanum 1934 og var rifinn en íbúðarhús úr steinsteypu á einni hæð, með risi og járnklætt þak byggt í staðinn, og við þá breytingu virðist býlið hafa skipt um nafn og kallaðist upp frá því Bessastaðir. Eftir jarðskjálftann 1934 voru byggð nokkur hús eftir sömu teikningunni, á stöðum þar sem hús höfðu eyðilagst í skjálftanum. Þetta voru húsin Árbakki, Árhóll, Barð, Bessastaðir, Bjarnastaðir, Svæði, Sæbakki og Sæból. Það var maður að nafni Jón Austfjörð frá Akureyri sem var yfirsmiður. Andrea Kristjana dó að barnsförum 1932 en barnið lifði, drengur sem var skírður Andrés Kristján í höfuðið á móður sinni. Guðlaugur fluttst 1952 til Húsavíkur á vegum Bessa sonar síns sem var útgerðarmaður þar. Hildur Pétursdóttir og fyrrí maður hannar Jóhann Ferdinand Gunnlaugsson höfðu búið í Lækjarbakka frá 1949. Þau eignast Bessastaði 1954. Seinni maður Hildar var Sigurður Guðmundsson frá Hjalla og flutti hann í Bessastaði 1963 og býr þar enn. Hildur dó 2002.



*Athugasemd um húsið:*

Geymsla 8,25 m<sup>2</sup>. sem var áfost norðurgafli hússins úr timbri, járnklædd var rifin árið 1959 en í staðinn var reist viðbygging sem var jafn breið og jafn há húsinu, um 4,40 m að lengd. Árið 1977 var skipt um glugga í Bessastöðum og þeim breytti. Áður voru gluggar með einum liggjandi pósti sem skipti þeim í minna hólf að ofan og stærra að neðan og var því hólfí skipt með standandi pósti í tvær jafnstórar rúður. Efra hólfí var skipt með tveimur standandi póstum í þrjú jafnstór hólf og var laust fag í miðhólfinu. Nýju gluggarnir eru með einum liggjandi pósti sem skiptir þeim í minna hólf að ofan og stærra að neðan og er laust fag efra hólfí á sumum glugganna. Björn Þorleifsson frá Hóli smíðaði og sá um þessi gluggaskipti. Einnig var hann kallaður til þegar húsið var klætt að utan árið 1982. sett var timburgrind og einangrað í hana með 95 mm. steinull, pappi negldur á grindina og klætt með kantstáli. Við sama tækifæri var farið í þakviðgerðir og reykífur fjarlægður.

Æskilegt er að hugað verði að upphaflegri gerð hússins þegar ráðist verður í endurbætur í framtíðinni. Húsið er hluti af þeirri heild sem til varð við uppbyggingu á Dalvík eftir jarðskjálfann 1934.

*Athugasemd um umhverfi húss:*

Stærð íbúðarhúsalóðar er 1.000,0 m<sup>2</sup> í 100% eigu Hafsteins Braga Pálssonar. Aðrar byggingar á lóð eru: Geymsla 20,5 m<sup>2</sup>. byggð 1935 / hesthús og hlaða 66,3 m<sup>2</sup>. byggð 1938 / hlaða 27,5 m<sup>2</sup>. byggð 1967. Timburgirðing með vírneti er í kringum garðinn, að niðurlotum komin. Eitt reynitré er sunnan við húsið.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1921-1952 -1932	<b>Guðlaugur Jón Þorleifsson</b> Andrea Kristjana Bessadóttir	Bergþóra (1917) Sigríður (1918) Anna Jónína (1919) Bessi (1921) Ingibjörg Júlíana (1923) Baldvina Jóna (1925) Þorbjörg Jóhanna (1929) Guðlaugur Jónas (1931) Andrés Kristján (1932)
1954-2002	<b>Jóhann Ferdinand Gunnlaugsson</b> <b>Hildur Pétursdóttir</b>	Unnsteinn Guðni (1947) Sigurður Gunnar (1948) Jón Pétur (1950) Lovísa Guðrún (1951) Regína Gunnhildur (1951) Skarpheidiðinn Frímann (1953) Jóna Arinbjörg (1954) María Kr. Kristjánsdóttir (1955) Anna Rósá Jóhannsdóttir (1958) Guðmundur Aðalsteinn Sigurðson(1963) Kristín Sigurðardóttir (1964)
1963	<b>Sigurður Guðmundsson</b>	

**Bjarnastaðir 1934-35** (Bjarnagerði) (Fastanúmer: 215-5352 / Landnúmer: 151794).

(Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar).

Torfbær, ónýtur. Óbyggilegur. Íbúar 10. Húsráðendur Hallgrímur Gíslason og Hansína Jónsdóttir.

(Fasteignarmat 1940).

Eigandi og ábúandi Hallgrímur Gíslason. Stærð lands 2/3 ha. ræktað. Íbúðarhús úr járbentri steinsteypu, 1 hæð, ris og járn á þaki. Stærð húss l: 9,0 b: 7,8 h: 3,7 m. Skúr úr járni í timburgrind, stærð 2,8 x 2,35 x 2,0 m. Fjós fyrir 2 kýr úr torfi. Fjárhús fyrir 18 kindur úr torfi með járnþaki. Hlaða 25 m3. úr torfi með járnþaki.



*Stutt saga húss:*

(Svarfdælingar seinna bindi bl. 467.)

Upphaflega nefnt Bjarnargerði eftir Birni Daníel Friðrikssyni skipstjóra sem reisti býlið 1913 og bjó þar síðustu ár ævi sinnar. Hallgrímur Gíslason keypti Bjarnargerði af ekkju Björns Daníels, Kristrúnu Karítas Sverrisdóttur árið 1922 og breytti nafni býlisins í Bjarnastaði. Þetta var torfbær sem hrundi og eyðilagðist í Jarðskjálftanum 1934 en þá var reist þar íbúðarhús úr járbentri steinsteypu, á einni hæð, með risi og járn á þaki. Það var maður að nafni Jón Austfjörð frá Akureyri sem var yfirsmiður. Eftir að Hallgrímur féll frá var Jónas sonur hans skráður húsráðandi á Bjarnastöðum og Jóhanna Guðrún systir hans bústíra hjá bróður sínum. Þau systkini bjuggu svo á Bjarnastöðum til 1997 þegar þau fluttu á Dalbæ, en þá eignaðist Stefán Sigurðsson húsið og á það enn.

Eftir jarðskjálftann 1934 voru byggð nokkur hús eftir sömu teikningunni, á stöðum þar sem hús höfðu eyðilagst í skjálftanum. Þetta voru húsin Árbakki, Árhóll, Barð, Bessastaðir, Bjarnastaðir, Svæði, Sæbakki og Sæból. Það var maður að nafni Jón Austfjörð frá Akureyri sem var yfirsmiður.

*Athugasemd um húsið:*

Litlar breytingar hafa verið gerðar á Bjarnastöður, þó var rifinn skúr sem var áfastur norðurhlið hússins klæddur Bárujárni og annar skúr úr timbri klæddur spónaplötur byggður í staðinn, líklega milli 1970 og 80 og var það Björn Þorleifsson frá Hóli sem var smiðurinn. Fyrir fáum árum var skiptu um bárujárn á þaki hússins, og við það tækifæri var skorsteinn fjarlægður.

Æskilegt er að hugað verði að upphaflegri gerð hússins þegar ráðist verður í endurbætur í framtíðinni. Húsið er hluti af þeirri heild sem til varð við uppbyggingu á Dalvík eftir jarðskjálftann 1934.

*Athugasemd um umhverfi húss:*

Stærð íbúðarhúsalóðar er 7.200,0 m2 í 100% eigu Hafsteins Braga Pálssonar. Enginn garður er í kringum húsið en eitt einmana birkitré er við suð-austur horn hússins. Lítill sólpallur er vestan við húsið og skjóleggur úr timbri við hann á two vegu.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1922-1964 -1956	Hallgrímur Gíslason sjómaður, Gíslabúð Hansína Jónsdóttir frá Miðkoti	Stefán (1911) Jónas (1912) Gísli (1914) Jóhanna Guðrún (1919) Kristinn Hólmfred (1922) Guðlaug Elín (1924)

		Solveig Rósa (1926) Maríanna Jóna (1928)
1964-1997	<b>Jónas Hallgrímsson</b>	
1964-1997	Jóhanna Guðrún Hallgrímsdóttir	Hallgrímur (1944)
1964-1980	Hallgrímur Kristinsson	
1986-1987	Stefán Sigurðsson	
1987-	Hallgrímur Kristinsson	
1997	<b>Stefán Sigurðsson</b>	
1997-1999	Valur Freyr Halldórsson Kristín Björk Gunnarsdóttir	Halldór Logi (1995) Sunna Brá (1998)
1999-2001	Enginn býr	
2001-2002	Magnús Jón Ólafsson	
2002-2004	Vilhjálmur Hólmar Þorvarðarson	
2005-2010	Enginn býr	
2010	Hallgrímur Kristinsson	

(Virðingar til skattsgjalds árið 1932)

Steinhús með járnþaki án kjallara, íbúðarhús; 13 x 7,5 m með porti og kvisti. Aðrar byggingar eða mannvirki eru; Steinsteypuhús með járnþaki 15,45 x 9,5 m í því er fjós f 4 kýr, haughús og safnþró, hlaða, tekur 200 hesta. Fjárhús f 50 kindur. Hesthús f 2 hesta. Hús á jörðinni í eign annarra; Steinholt, Agðir, Höepfnershús, Höfn, Sæland, Tunga, Ártún og Jaðar.



(Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar)

Portbyggt steinhús á grunni – þiljað. Lítið skemmt – þarf að festa reykháf á þaki. Húsráðendur; Stefán Jónsson og Anna Ólafsdóttir.

(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986)

Steinsteyp hús, þak með járnklæðningu, hátt ris með kvisti. Einn steyptur burðarmilliveggur en önnur skilrúm, gólf, loft og stigi úr timbri. Ris skipt með timburskilrúnum í 9 herbergi og 2 geymslukompur. 1. hæð skipt með timbur og steinsteypu skilrúnum í 6 herbergi og forstofu með uppgöngu á rishæð. Stærð: L- 13,2 B- 7,25 H- 4,7. Viðbygging við bakhlið húss úr sama efni og 1. hæð, eitt hólf. Stærð: L- 3,35 B- 4,25 H- 2,7. Áfast íbúðarhúsi er sambyggt fjós, þvag-gryfja, mjólkurhús, heyhlaða og fjárhús, úr steinsteypu járnklætt þak. Notað sem geymsla. Stærð: L- 15,3 B- 8,5 H- 3,0 Geymsla á lóð 42 m ofan húss úr timbur og járnklætt skúrbak. Gólf úr steinsteypu en annað úr timbri. Kjallari eitt hólf 17 m3. Hæð eitt hólf. Stærð L- 5,15 B- 3,0 H- 2,2 m. Byggt 1942. Eigandi Eyvör Stefánsdóttir



### Stutt saga húss

Getið er um Brimnes í Svarfdælu, en það er fyrst 1421, sem Brimnes er nefnt í heimildum samtímans. Þá átti Björn Jónsson jörðina, með Böggvisstöðum. Jörðina eignast Jón Sigurðsson 1881 og erfði Stefán sonur hans jörðina eftir hann. Seldi Stefán Dalvíkurhreppi jörðina 1954 og stendur hluti af Dalvík í Brimneslandi. Baldvin Baldvinsson, mágor Jóns bjó á hluta af Brimnesi ásamt konu sinni Þóru Jónsdóttur frá 1901 til 1919 en brá þá búi og vann sem vinnumaður hjá Stefáni frænda sínum í nokkur ár eftir það en flutt þá í Hruna og bjó þar til æviloka. Húsið á Brimnesi byggði Stefán ásamt Jón föður sínum árið 1921. Stefán átti húsið í Brimnesi til æviloka, og þá erfa börn hans það. Eyvör dóttir Stefáns og Hallgrímur Antonsson maður hennar keyptu hálfbræður hennar þá Sverri og Ragnar út um 1980. Stefán Hallgrímsson keypti þriðjung húseignarinnar af foreldrum sínum árið 1990 og allt húsið 1993.

Stefán Jónsson bjó þar fyrst ásamt fyrri eiginkonu sinn Eyvöru Tímotheusdóttur. Hún dó 1925, en þá giftist Stefán seinni konu sinni Önnu Ólafsdóttur. Þau bjuggu í Brimnesi þar til Stefán deyr 10. mars 1959, en Anna býr áfram þar til ársins 1978, en þá var hún flutt á efrihæð hússins. Árið 1975 leigja Friðgeir Jóhannsson og Elíngunn Þorvaldsdóttir neðrihæðina. Eftir að Anna fór úr húsinu leigir Þórdís Helga Sigurðardóttir frá Jarði þar í nokkur ár. 1981 eftir að Þórdís fór, kemur Sverrir Stefánsson hálfbróðir Eyvarar frá Akureyri og bjó í húsinu í 3 ár. Eftir að Sverrir deyr eða 1984 býr enginn í húsinu í ein þrijú ár en 1989 flytja þau Stefár Hallgrímsson og Sigríður Gunnarsdóttir í Brimnes og búa þar enn.

#### *Stutt lýsing húss.*

Húsið er portbyggt með 0,85 m porti og háu risi (um 3 m). Húsið skemmdist ekkert í jarðskjálftanum 1934, eitt af örfáum sem sluppu algerlega. Húsið hafði verið að mestu óbreytt frá upphafi nema nánasta viðhald þangað til Stefán Hallgrímsson eignaðist það. Húsið er steinsteypt og kústað að utan með „snjósem“ sem er kalkefni. Einn steyptur burðarveggur er á neðrihæð, en annars önnur skilrúm úr timbri. Timburgólf og loft voru í húsinu, en Hallgrímur faðir Stefáns fjarlægði timburgólfíð sem var farið að síga og fúna. Skriðkjallari var undir húsinu og gróf Hallgrímur eitthvað upp úr grunninum, fyllti með möl og þjappaði og steypi gólfplötu.



#### *Athugasemd um húsið.*

Stefán tók neðrihæðina í gegn 1990 og byggði þá forstofu framan við inngang hússins.

Efrihæðina tók Stefán í gegn árið 1996. Við það tækifæri setti hann nýjan 5 m breiðan kvist austan á húsið með risi (sama halla og þak) sem nær upp á mæni hússins í stað smákvista með skúrbaki sem þar var fyrir. Reykháfur er á húsinu frá fyrstu tíð. Þakjárnir er einnig upphaflegt og nokkrir gluggar eru upprunalegir en þeir voru smíðaðir úr siglutré úr skipi sem strandaði í Reitsvíkinni við Hellu fyrir aldamótin 1900. Þeir gluggar sem skipt hefur verið um eru í sama stíl og þeir upprunalegu. Stefán skipti um alla glugga á efrihæð



Gripahús sem er áfast íbúðarhúsinu er að mestu óbreitt en 2007 hreinsaði Stefár steypta milliveggi sem hólfaði bygginguna í fjós og fjárhús burtu og hefur útbúið bílskúr í syðsta hlutar byggingarinnar.

Brimnes er meðal elstu steinsteypuhúsa Dalvíkur. Af gamalli ljósmynd að dæma má ætla að gluggaumgjarðir hafi verið mótaðar í mür. Eftir aðeins 5 ár nær húsið 100 ára aldri og telst eftir það friðað samkvæmt lögum um menningarminjar.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur / íbúar	Börn
1881-1925	<b>Jón Sigurðsson</b> ( <i>Ragnhildur Baldvinsdóttir dó 1900</i> )	<i>Stefán (1884)</i>
1901-1927	Baldvin Baldvinsson Þóra Sigríður Jónsdóttir	<i>Oddný (1889)</i> <i>Jón Ingi (1893)</i> <i>Ragnhildur Ingibjörg (1897)</i> <i>Guðlaug (1900)</i> <i>Stefán Þórarinn (1905)</i>
1919-1959	<b>Stefán Jónsson.</b>	<i>Sverrir (1916)</i>
1919-1921	Eyvör Jónína Timoteusdóttire	<i>Jón Ragnar (1918)</i>
1923-1978	<b>Anna Ólafsdóttir</b>	<i>Eyvör Jónína (1928)</i>
1954-1958	<b>Hallgrímur Antonsson</b> <b>Eyvör Stefánsdóttir</b>	<i>Solveig Freyja (1954)</i> <i>Anna Þórey (1955)</i> <i>Stefán (1959)</i> <i>Ragnheiður (1961)</i> <i>Vilhelm Anton (1966)</i> <i>Arnheiður (1969)</i>
1953	Sverrir Már Sværrisson Rósa Kristjánsdóttir	
1968	Valur Harðarson	
1970 -1976	Friðgeir Ingibjörn Jóhannsson Elíngunnur Þorvaldsdóttir	<i>Stefán Ragnar (1947)</i> <i>Jóhann Þór (1949)</i> <i>Rebekka Sigríður (1954)</i> <i>Ragnheiður Rut (1962)</i>
1977	Jóhannes Helgi Þorvaldsson	
1979	Georg Baggley	
1979-1980	Þórdís Helga Sigurjónsdóttir	
1979-1980	Ragnar Þoroddsson	
1979-1980	Guðjón Manases Stefánsson	
1981 - 1984	<b>Sverrie Stefánsson</b>	
1989 og enn	<b>Stefán Hallgrímsson</b> <b>Sigríður Gunnarsdóttir</b>	<i>Hallgrímur Sambhu (1996)</i> <i>Laufey Ipsita (1999)</i>

**Efstakot** 1935 (Efra- Upsakot 1712) (Fastanúmer: 2154491 / Landsnúmer: 151355).

(Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar).

Einlyft steinhús á grunni, baðstofa úr torfi. Húsið varð ónýtt og óbyggilegt. Brotið niður og byggt timburhús – tvílyft á grunni. Það brann ári síðar. Íbúar 9. Húsráðendur: Þorsteinn Antonsson, Kristrún Friðbjörnsdóttir og Sveinn Friðbjörnsson.

(Fasteignamat 1940).

Eigendur og ábúendur Sveinn Friðbjörnsson og Þorsteinn Antonsson. Stærð túns 3,25 hekt. Áhofn, 2 kýr, 1 hestur og 15 kindur. Íbúðarhús byggt 1936 af timbri á steinsteyptum grunni með kjallara undir 1/8. járnþak. 12 x 7,5 x 5,8 m. Þvottahús sambyggt við fjós og hlöðu.

Fjós úr torfi fyrir 3 kýr og timburskúr. Hesthús fyrir 2 hesta, skúr með járni. Fjárhús fyrir 30 kindur úr torfi. Hlaða 40 m3. úr torfi með járnþaki. Votheyshlaða 5 m3. úr torfi. Smábýlið Litlakot er byggt út úr jörðinni. Smábýlin Litlihóll, Sæból og Sæbakki hrundu í jarðskjálftanum 1934 og hefur landið að mestu fallið til jarðarinnar aftur.

(Svarfdælingar seinna bindi bl.358).

*Stutt saga húss:*

Efstakot var í eigu Upsakirkju til 1912 en þá keypti Friðbjörn Gunnarsson það og hefur það síðan verið og er í eigu niðja hans. Sveinn sonur þeirra hjóna Friðbjörns og Hólmfríðar Sveinsdóttur, stóð fyrir Efstakotsbúinu frá 1933 ásamt mági sínum Þorsteini Antonssyni og áttu þeir býlið saman. Þorsteinn bjó í Efstakoti til æviloka ásamt konu sinni Kristrúnu Friðbjörnsdóttur, og hún áfram eftir hans dag. Nýbyggt einlyft steinhús á grunni og baðstofa úr torfi var í Efstakoti þegar jarðskjálftinn reið yfir 1934 og eyðilagðist húsið gersamlega og var brotið niður og byggt í staðinn timburhús – tvílyft á grunni. Það hús brann 1935 og eyðilagðist ádur en það var fullklárað og létu þeir Sveinn og Þorsteinn þá reisa tvílyft timburhús í stað þess sem brann og stendur það enn. Íbúðarhús af timbri á steinsteyptum grunni með kjallara undir 1/8. járnþak.



Börn þeirra Þorsteins og Kristrúnar, Skapti og Hólmfríður, eignuðust Efstakot eftir foreldra sína. Skafti og kona hans Guðrún Jóhannsdóttir bjuggu allan sinn búskap í Efstakoti og eftir að Skafti dó 1991 bjó Guðrún áfram í húsinu til æviloka. Núverandi eigendur Efstakots eru börn Skafta og Guðrúnar þau Þorsteinn og Jóhanna.

*Athugasemdir um húsið:*

Mjög fljótlega, ef ekki alveg frá byrjunum var húsið klætt að utan með bárujárn. Þetta bárujárn er að mestu leyti enn á húsinu svo og bárujárnið á þakinu. Litlar breytingar hafa verið gerðar á Efstakotshúsinu, þó hefur gluggum verið breytt. Upphaflega voru gluggunum skipt þannig að ofarlega var liggjandi póstur og efta hólfri skipt í fjórar litlar rúður og neðra hólfri skipt með standandi pósti í tvaer rúður.

Æskilegt er að hugað verði að upphaflegri gerð hússins þegar ráðist verður í endurbætur í framtíðinni.

*Athugasemdir um umhverfi húss:*

Efstakot er skráð lögbýli og er stærð ræktaðs lands 9,3 ha. Landið er í einkaeigu. Á lóðinni við húsið stendur fjós og hlaða sem byggð voru 1945, véla og verkfærageymsla byggð 1950 og fjárhús og hlaða byggð 1956. Kringum húsið er garður með hávöxnum reynitrjám sunnan húss og víðilimgerði austan húss.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1933-1980	<b>Sveinn Friðbjörnsson</b>	
1933-1957 -1972	<b>Þorsteinn Antonsson</b> <b>Kistrún Friðbjörnsdóttir</b>	Hjalti (1914) Skapti (1914) Freyja (1916) Hólmfríður (1922) Þórunn Ingunn (1926)
1957-1991 -2010	<b>Skapti Þorsteinsson</b> <b>Guðrún Jóhannsdóttir (75%)</b>	Þorsteinn (1944) Jóhanna (1953)
1957-1984	<b>Hólmfríður Þorsteinsdóttir</b>	
1975-1981	Jóhanna Skaftadóttir	Sveinn (1975)
1978-1981	Brynjólfur Sveinsson	
1991-2005	Stefán Svanur Gunnarsson Guðrún Þorsteinsdóttir	Unnur (1994) Kolbrún Yrsa (1997)
2001-2009	Sveinn Arndal Torfason Guðrún Anna Ólafsdóttir	Kistrún Lilja (2002) Torfi Jóhann (2005) (2008)
2006-2007	Kristinn Helgi Snorrason Margrét Eiríksdóttir	Gunnhildur Lilja (2001)
2008-2012	Skapti Brynjólfsson Lára Betty Harðardóttir	Jóhanna (2010)
2010	Kári Brynjólfsson Hólmfríður Katla Ketilsdóttir	Markús Máni Pétursson (2006) Anton Andri (2010) Arnór Atli (2011)
2010	<b>Þorsteinn Skaftason</b> <b>Jóhanna skaftadóttir</b>	

**Framnes** 1920 (Fastanúmer: 2155360 / Landnúmer: 151797).

(*Saga Dalvíkur II bindi, bl. 414 (eins og staðan var 1918)). (Sagt þar að hús sé byggt 1922).*

Eigandi Þorleifur Þorleifsson, Hóli. Ábuendur Jón Jónsson, bónda á Hóli út, Þorsteinssonar, og k.h. Kristjana Hallgrímsdóttir, Jónssonar yngra á Hóli út. – íbúðarhús úr torfi og timbri. 10 x 6 álnir.



(*Fasteignarmat 1931).*

Eigandi Jón Jónsson, sjómaður Dalvík. Stærð lóðar 135 m2. Ógirt eignarlóð. Stærð húss: 6,25 x 4,00 m vegghæð frá kjallara 2,50 m rishæð 1,50 m. Kjallari er undir húsinu. Útveggir og þak af timbri, járnklætt. Gólf loft og skilrúm af timbri. 1 íbúð. Byggt 1916. ofnhitun og einn reykháfur. Rakalaust og hlýtt. Timburskúr áfastur húsi 3,75 x 2,5 m. með járnþaki.

(*Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar).*

Tréhús á steypum kjallara. Lítið skemmt – litlar viðgerður. Húsráðendur; Steinberg Jónsson og Soffía Sigtryggssdóttir.

(*Fasteignarmat 1940).*

Eigandi húss og lóðar, Valdimar Kristjánsson. Stærð lóðar 150 m2. Stærð húss l: 6,4 b: 4,4 vegghæð frá kjallara að grunni 5,0 m. 140 m3. hús byggt úr timbri á steinsteyptum kjallara. Útbyggingar. 2 skúrar úr timbri með járnþaki stærð 2,5 x 4,4 x 2,0 m og 1,5 x 1,5 x 2,0 m. Óvandað íbúðarhús og lélegt viðhald, ofnhitun 1 reykháfur. Nokkur hlýtt. Gallar á húsi: kjallaraveggir sprungnir síðan í jarðskjálftanum 1934.



(*Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1984).*

(Eigandi: Sigmundur Sigmundsson). Timburhús klætt með bárujárni. Þak bárujárnsklætt risþak um 1 m. Neðstagólf steinsteypt. Kjallara skipt með timburskilrúnum í 3 hólf og stigauppgöngu á efri hæð. 1. hæð skipt mið timburskilrúnum í 3 herbergi og forstofu.

Stærð: L- 6,40 B-4,50 H- 4,90.

Áfast húsinu er byggður skúr úr timbri með bárujárnsþaki. Stærð: L- 2,9 B- 1,7 H- 2,0.

*Stutt saga húss:*

(*Svarfdælingar, seinna bindi bl. 463).*

Jón Jónson frá Hóli á Upsaströnd og kona hans Kristjana Hallgrímsdóttir reistu sér þurrabúð í Hólslandi 1909 og nefndu Framnes. Það var torfbær með heilþili sem stóð fram yfir 1920, en þá var reist þar timburhús og er kjallari undir húsinu. Útveggir og þak af timbri, járnklætt. Gólf, loft og skilrúm af timbri. Um tíma var þarna tvíbýli og nefndist annað býlið Framnes ytra, en þetta virðist þó ekki vera fyrr en eftir 1933. Kristjana Hallgrímsdóttir lést fyrir aldur fram árið 1931 og þá brá Jón maður hennar búi en Tryggvi sonur þeirra tók við búsforræðum í Framnesi. Hann var þá nýkvæntur Rögnu Pálsdóttur. Í september 1932 Ragna dó af barnsförum. Tryggvi fluttist úr Framnesi vorið eftir ásamt systkinum sínum og föður til Dalvíkur þar sem hann byggði sér hús við Karlsbraut 9, sem seinna hlaut nafnið



Ásbyrgi. Steinberg elsti bróðir Tryggva tók þá við búi í Framnesi , en áður hafði hann búið á Siglufirði í 7 ár. Hann flutti til Dalvíkur eftir tvö ár í Framnesi 1935. Valdimar Kristjánsson og kona hans Árný Guðjónsdóttir bjuggu að Hólkoti á Upsaströnd 1925 til 1934. Þaðan fluttu þau í Framnes og bjuggu þar um skeið en keyptu síðan húsið Móafell á Dalvík og settust þar að.

#### *Athugasemd um húsið:*

Litlar breytingar voru gerðar á húsinu lengi framan af fyrir utan breytingar á gluggum. Upphaflega voru gluggar með krosspóstum en þeim hafði verið breytt þannig að í stað krosspósts var settur einn liggjandi póstur sem skipti glugganum í tvær rúður, minni að ofan en stærri að neðan. Eftir að núverandi eigendur eignuðust Framnes var hafist handa við miklar endurbætur á húsinu. Skúrinn sem stóð vestan við húsið var rifinn og hann endurbyggður talsvert stærri en sá gamli og þar var gerður nýr inngangur í húsið og forstofa. Áður var gengið inn um dyr á suðurhlið hússins upp tröppur. Þessi úthið var lögð af og settur gluggi í hennar stað. Tröppurnar voru fjarlægðar en settur gluggi á kjallara í staðinn. Skipt var um alla glugga og þeir settir í upphaflegt útlit. Húsið allt einangrað upp á nýtt og ný bárujárnsklæðning sett á allt húsið, bæði þak og veggi.

Framnes er meðal elstu timburhúsa Dalvíkur. Húsið hefur haldið helstu einkennum sínum og er til vitnis um þurrabúðina sem þarna stóð fram á 20. öld. Húsið stendur á fallegum stað skammt ofan við sjárvarbakkann og hefur ótvírætt verndargildi.

#### *Athugasemd um umhverfi húss:*

Húsið stendur á 144,0 m2. eignalóð. Enginn garður er í kringum Framnes og engin trjágróður. Gamli þjóðvegurinn sem lá út á Upsaströnd, og er malarvegur, liggur að húsinu en endar þar.

### Eigenda og íbúaskrá

Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1909-1931	<b>Jón Jónsson</b> Kristjana Hallgrímsdóttir	Steinberg (1903) Tryggvi Kristinn (1906) Ingvi Björgvin (1910) Loftur Gunnar (1911) Þórhildur Fjóla (1917)
1931-1933 -1932	<b>Tryggvi Kristinn Jónsson</b> Ragna Pálsdóttir	Ragnar (1932)
1933-1935	<b>Steinberg Jónsson</b> Soffía Sigtryggsdóttir	Ragnar (1927) Hörður (1928) Jón Kristinn (1933)
1936-194?	<b>Valdimar Kristjánsson (Móafelli)</b> Árný Ingibjörg Guðjónsdóttir	Ríkarður (1916) Ingibjörg (1918) Snjólaug (1922) Guðjón (1924) Guðbjörg Hansína (1926) Sverrir Björgvin (1932)
1974?-1996 -1982	<b>Sigmundur P. Sigmundsson</b> María Jónasína Gunnlaugsdóttir	

1996-	Enginn býr í Framnesi eftir 1996.
1996-1999	<b>Ingólfur Árnason</b>
1999-2013	<b>Rannveig Hjaltadóttir</b>
1999-	<b>Anna Bára Hjaltadóttir</b>
1999-	<b>Kistrún Hjaltadóttir</b>
2013	<b>Karl Geirmundsson</b>

**Hóll** 1923 (Fastanúmer: 2154515 / Landnúmer: 151358).

(*Virðingar til skattsgjalds árið 1932*).

Steinsteypuhús á kjallara íbúðarhús; 11,8 x 8,7 tvær hæðir, lítið ris.

(*Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1934*).

Eigandi Þorleifur Þorlefsson. Íbúðarhús úr járnþentri steinsteypu, tvær hæðir og ris. Þakið lagður pappa og bárujárn yfir. Loft, gólf og skilrúm af timbri. Neðri hæð skipt í 5 herbergi og forstofu með uppgöngu á efri hæð, öll innanbyggð, efri hæð skipt í 7 herbergi gang og forstofa með uppgöngu á geymsluloft óinnanbyggjt. Hæðin öll innanbyggð og máluð eða veggfóðruð. Stærð: 11,5 x 8,80 x 7,30 m.



(*Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar*).

Stórt tvílyft steinhús á grunni, þiljað innan. Skemmdir miklar – húsið óibúðarhæft um tíma. Miklar viðgerðir m.a. steypt kápa utan um húsið. Reykháfur ónýtur. Íbúar 16. Húsráðendur; Þorleifur Þorlefsson og Svanhildur Björnsdóttir.

(*Fasteignamat 1940*).

Eigandi og ábúandi Þorleifur Þorlefsson. Stærð túns 1,8 ha. Áhofn 6 kýr 2 geldneyti, 4 hestar 157 kindur. Íbúðarhús byggt 1923 og viðgert 1935. Úr járnþentri steinsteypu 2 hæðir, ris og járnþak. Stærð: 11,5 x 8,8 x 6,3 m. Húsið skemmdist í jarðskjálftanum 1934 og útihýsin mikið. Íbúðarhúsið varð bætt að nokkru. Fjós fyrir 12 kýr, bárujárn og timburþyggning. Haughús 90 m3. steinsteypt með bárujárnþaki. Hlandþró 25 m3. steinsteypt með járnþaki. Hesthús fyrir 3 hesta úr torfi. 2 fjárhús fyrir 145 kindur úr torfi. 4 hlöður, 1 járnklædd 1 steinsteypt og tvær úr torfi. Fisk og sjóhús með pappaþaki stærð: 10 x 4 x 5 m

Þrír sjóskúrar, stærð: 9,5 x 4,5 x 3,5 m / 8,5 x 6,5 x 2,5 m / 4,0 x 3,0 x 3,0 m.

Býlið Framnes byggt út úr jörðinni en er talið sérstakt.



(*Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986*)(*sagt þar að hús sé byggt 1926*).

(Eigandi: Anna Jóhannesdóttir). Steinsteypt hús með járnklæðningu á þaki, risþak, hátt ris. Skipt með stein og timburskilrúnum og 5 herbergi og forstofu með uppgöngu á efrihæð. Efri hæð skipt í 7 herbergi, gang og forstofu. Stærð: L- 11,45 B- 9,15 H- 6,4.

Viðbygging við húsið er skúrþyggning. Stærð: L2,80 B- 2,40 H- 2,20.

Fjósþyggning, (1936) fyrir 12 kýr, úr timbri, járnklætt og timburklætt.

Mjólkurhús. Stærð: L- 18,0 B- 5,0 H- 2,5.

Heyhlaða, (1930) úr steinsteypu þak járnklætt. Stærð: L- 10,0 B- 5,0 H- 5,0.

Súrheysgeymsla ú steinsteypu. Stærð: L- 4,0 B- 3,5 H- 6,0.

*Stutt saga húss:*

(*Svarfdælingar seinna bindi bl. 377*).

Ein hjáleiga, Hólskot, var byggð í Hólslandi nálægt 1670, en fór í eyði 1711. Annað býli, Fell, var byggt úr landi Hóls árið 1900 og fór það í eyði 1934. Síðar byggðist Framnes í landareigninni og enn fremur risu þar þurrabúðir á 20. öld. Hóll var eign Hólastóls, þegar hans er fyrst getið í heimildum, en það er í skrá frá 1388. Þegar stólsjarðirnar voru seldar 1802, keypti Jón Rögnvaldsson Hól, sem var ábýlisjörð hans, og hafa niðjar hans átt jörðina síðan að mestu leyti.

Þorleifur Tryggvi Jóhannsson bjó á Hóli 1887 til 1907 en var þar síðan búlaus til 1910 að hann hóf búskap á ný og bjó þá á sama stað til 1917, fyrst í tvíbýli við tengdason sinn en síðast á allri jörðinni, uns sonur hans tók við. Hjá honum dvaldi Þorleifur síðan til æviloka. Kona hans var Kristjana Gunnhildur Jónsdóttir sem áður var gift Jóni Þorsteinssyni bónda á Hóli sem dó fyrir aldur fram aðeins 39 ára gamall.

Sonur Þorleifs og Kristjönu, Þorleifur Kristinn, tók við búi af foreldrum sínum árið 1917 og bjó á Hóli til 1958 og var þar til æviloka. Kona hans var Svanhildur Björnsdóttir. Hann átti jörðina og bætti hana mikið. Árið 1923 byggði hann íbúðarhús úr járnþenti steinsteypu, tvær hæðir og ris. Á þakið lagður pappi og bárujárn yfir. Í jarðskjálftanum 1934 urðu skemmdir á húsi miklar, var óibúðarhæft um tíma. Miklar viðgerðir voru gerðar m.a. var suðurstafninn steyptur upp á nýtt og steypt kápa utan um húsið. Reykháfur brotnaði og varð ónýtur. Þetta hús stendur enn í dag lítið breytt.

Sonur Þorleifs og Svanhildar, Karl Vernharð tók við búi á Hóli árið 1958 og bjó þar ásamt konu sinni Önnu Jóhannesdóttur til æviloka. Anna hélt áfram búskap á Hóli eftir fráfall manns síns í samstarfi við son þeirra, Þorleif, uns hann tók alfarið við búinu ásamt konu sinni Sigurbjörg Einarssdóttir.



#### Athugasemdir um húsið:

Litlar breytingar hafa verið gerðar á Hólshúsinu utanhúss síðan eftir jarðskjálfta. Á vesturhlið hússins er aðalinngangur. Trúlega milli 1960 og 70 var reist forskyggní eða inngangsskúr þarna vestan við húsið. Timburbygging með skúrbaki. Á norðurstafni voru útidyr (neyðarútgangur) af efrihæð, en engar tröppur niður. Það var svo um 1970 sem gerðar voru steyptar tröppur að þessum dyrum og byggt skýli utan við dyrnar. Árni Guðlaugsson, mýrari á Dalvík, annaðist það verk og með honum Þorsteinn Þorsteinsson á Dalvík. Eftir að núverandi eigendur tóku við eigninni var ráðist miklar endurbætur á húsinu. Aðallega innanhúss en einnig var þakjárn og pappi endurnýjað, einangrun á háalofti endurnýjuð. Við það tækifæri var reykháfur fjarlægður. Skipt var um alla glugga í húsinu og dyr gerðar á austurhlið út í garð þar sem gluggi var áður. Björn Þorleifsson, föðurbróðir Þorleifs bónda, smíðaði gluggana og setti þá í. Gluggarnir eru eins og þeir sem fyrir voru. Innangangsskúrinn vestan húss var rifinn og byggð ný forstofa úr steinsteypu með risþaki.

Hóll er meðal elstu steinsteypuhúsa í sveitarfélögnum, stór og glæsileg bygging sem hefur ótvíraett varðveislugildi.

#### Athugasemdir um umhverfi húss:

Hóll er lögbýli. Flatarmál lóðar 1.065,6 m<sup>2</sup> í einkaeigu. Önnur hús eru fjárhús með áburðarkjallara, hlaða 95,0 m<sup>3</sup>, geymsla og hesthús, allt byggð árið 1948. vélageymsla og hesthús byggð 1981. Geldneytafjós byggt 1988 og fjós með áburðarkjallara tyggt 1992.

Garður er í kringum íbúðarhúsið með stórum reynitrjám. Sólpallur í garðinum austan og sunnanhúss, á honum er heitur pottur.

#### Eigenda og íbúaskrá

Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1887-1949 -1924	Þorleifur Tryggvi Jóhannsson Kristjana Gunnhildur Jónsdóttir	
1917-1961	Þorleifur Kristinn Þorleifsson Svanhildur Björnsdóttir	Guðrún Margrét (1914) Þórgunnur Amalía (1916) Aðalheiður (1918)

		Dagmann (1920) Björn (1922) Kristinn Hartmann (1924) Karl Vernharð (1926) Kristín (1930)
1974?-1977	Gunnhildur Jónsdóttir	
1958-1982 -2007	<b>Karl Vernharð Þorleifsson</b> <b>Anna Jóhannsdóttir</b>	Jóhannes Markússon (1947) Svanhildur Dagný (1959) Sigurbjörg (1961) Þorleifur Kristinn (1963)
1982-1984	Svanhildur Dagný Karlsdóttir	Karen Dúa Kristjánsdóttir (1982)
1982 1995-	Þorleifur Kristinn Karlsson Sigurbjörg Einarsdóttir	Karl Vernharð (1998) Guðfinna Eir (2001)

**Karlsá.** 1928 -1930 (Fastanúmer: 2154609 / Landnúmer: 151369).

(Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar).

Einlyft steinhús á steyptum kjallara, þiljað innan. Litlar skemmdir. Húsið íbúðarhæft. Reykháfur ónýtur. Húsráðendur; Þórarinn Þorsteinsson og Guðrún Björnsdóttir.

(Fasteignamat 1940).

Eigandi Þorsteinn Jónsson, kaupmaður en ábúandi Hannes Þorsteinsson sonur hans. Tún 20 ha. Áhofn 6 kýr, 3 hestar og 133 kindur. Íbúðarhús byggt 1926 úr járnþrentri steinsteypu, 1 hæð, port og ris með kvisti. Undir hálfu húsinu er steinsteyptur kjallari og steingólf. Þak er járnklætt. Aðalhæð skipt i 5 herbergi, og lofthæð í 6 herbergi. Stærð: 12,0 x 8,8 x 8,0 m.

Geymsluhús úr torfi og timbri. Stærð 6,3 x 4,5 x 3,5 m.

Önnur bæjarhús: 1 verkfærahús, bárujárn á timburgrind. Fjós fyrir 10 kýr, steinsteypt með járnþaki. Haughús 44 m<sup>3</sup>, alsteypt. Hlandþró, 33 m<sup>3</sup>, steinsteypt með járnþaki. Hesthús úr torfi fyrir 3 hesta. 2 fjárhús fyrir 120 kindur, steypt með timburþaki, járnklæddu. 3 hlöður 545 m<sup>3</sup>, steinsteypt, með járnþaki. Rafstöð, 10 hestöfl, steinsteypt með pappaþaki.

Sjóbúð, timbur með pappaþaki. Stærð: 6,3 x 4,4 x 2,5 m.

(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1984).

(Eigandi: Haraldur Guðmundsson) Steinsteyp hús með járnklæðningu á þaki, risþak, hátt ris. Kjallara skipt í 4 hólf. Ris skipt í 6 hólf og fang. 1. hæð 5 herbergi, forstofa og gangur. Stærð: L- 12,0 B- 8,7 H- 6,18.

Viðbyggður skúr úr steinsteypu: L- 2,6 B- 2,5 H- 2,45.

*Stutt saga húss:*

(Svarfdælingar seinna bindi bl.391).

Karlsá er talin hafa nafn sitt af Karli rauða, syni Þorsteins Svörfuðar landnámsmanns, en sú skýring hefur verið vífengd á síðari árum. Karlsár er fyrst getið í samtímaheimildum í bréfi frá 16. sept. 1431 en í því er getið um 6 kúgildi á Karlslá hjá Höskului nokkrum Vilhjálmssyni sem presturinn Jón Pálsson skipar Jóni biskupi Vilhjálmsyni. Virðist Jón prestur hafa átt jörðina um þetta leyti. Um öld síðar var Jón biskup Arason eigandi jarðarinnar og árið 1549 seldi hann Þórunni dóttur sinni hana. Um 1877 eignast Gunnlaugur



Friðleifsson Karlsá en Þorsteinn Jónsson kaupmaður átti hana 1912 til 1940. Þórarinn sonur Þorsteins kaupmanns bjó á Karlsá 1925 til 1935, þótt svo muni hafa heitið að hann stæði fyrir búi föður síns, sem átti jörðina. Árið 1930, meðan Þórarinn sat jörðina er byggt steinsteypt hús með járnklæðningu á þaki og háu risi og kjallara. Hannes, bróðir Þórarins bjó á Karlsá 1935-38 og aftur 1939-1940 en var annars heimilisfastur á Dalvík.

Þorsteinn kaupmaður seldi Karlsá 1940 Ingibjörgu Steinsdóttur. Ingibjörg stundaði þar búskap með ráðsmanni sínum Einari Magnússyni í tvö til þrjú ár en seldi þá Jóni Stefánssyni á Akureyri. Meðan Jón átti Karlsá stóð hún í eyði eða þar til Júlíus Björnsson keypti jörðina 1944. Júlíus bjó þar til æviloka. Var jörðin í vanhirðu er hann tók við henni en Júlíus bætti hana mikil á þessu eina ári sem hann var þar ásamt konu sinni Jónínu Jónsdóttur. Jónína hélt kyrru fyrir á Karlsá eftir dauða bónanda síns til vors 1947, en fluttist þá aftur til Dalvíkur. Árið 1946 keypti Guðmundur Guðmundsson Karlsá, en áður hafði hann búið í Gullbringu frá 1928. Guðmundur bjó á Karlsá til æviloka en sonur hans Haraldur tók við búi þar 1961. Guðmundur var ágætlega verkhagur, smiður góður og laginn við allskonar vélaviðgerðir, enda bætti hann margt á jörð sinni. Eftir að Haraldur tók við búi á Karlsá lagðist hefðbundinn búskapur að mestu af þar.

*Athugasemd um húsið:*

Húsinu á Karlsá hefur verið haldið vel við. Litlar útlitsbreytingar hafa verið gerðar á húsinu fyrir utan að um 1950 var lítið forskyggni sem var á vesturhlið hússins, rifið en í þess stað var byggður stærri inngönguskúr, og stendur hann enn. Sumarið 2006 var farið í endurbætur á þaki, járnið tekið af og skipt um timburklæðningu undir járni, burðarvirknið var látið halda sér en neglt ofan á sperrur til að hægt væri að þykkja einangrun. Í stað bárujárnsins var sett ný stálklæðning sem líkir eftir þaksteini. Norðurstafninn var einangraður með 2ja tommu steinull í grind, vindpappi negldur á grindina og klætt með trapisu-stáli yst.

Karlsárhúsið er meðal elstu steinsteypuhúsa í sveitarféluginu. Lögun þess er falleg og það virðist vera mótað af fagmennsku. Húsið hefur varðveislugildi af sjálfu sér.

*Athugasemd um umhverfi húss:*

Karslá er skráð lögbýli. Ræktað land er 19,2 ha í einkaeigu. Norðan við íbúðarhúsið stendur geymsla, sem byggt var 1930, upphaflega notað sem fjós. Við aðalinngang að vestan er steypt pallur og tröppur niður í garð að sunnan, einnig er við bakbyr að norðan steypt stétt og tröppur niður í garðinn að austan. Grösugur garður er í kringum húsið en girðingu hefur ekki verið haldið við og er ekkert uppistandandi af henni nema hliðgrindin og hliðstaurar að vestan. Stór og ræktarleg reyni- grei- og birkitré eru í garðinum.

### Eigenda og íbúaskrá

Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1930-1940	<b>Þorsteinn Jónsson, kaupmaður</b> Ingibjörg Baldvinsdóttir	
1925-1935	Pórarinn Þorsteinsson	Friðþjófur (1932)
1930-1935	Guðrún Björnsdóttir	Ingibjörg Hildigunnur (1933)
1935-1939	Hannes Þorsteinsson Jóhanna Þorsteinsdóttir	
1940-1943	<b>Ingibjörg Steinsdóttir</b> Einar Marnússon, járnsmiður	Ragnhildur Magnea (1941)
1943-1945	<b>Jón Stefánsson</b>	
1944-1946 -1947	<b>Júlíus Jóhann Björnsson</b> Jónína Jónsdóttir	Hjálmar Blómkvist (1924) Ragnheiður Hrif (1927) Gunnar Skjoldur (1931)
1947-1966 -1975	<b>Guðmundur Guðmundsson</b> Sigurbjörg Stefanía Hjörleifsdóttir	Haraldur (1920) Sigurrós Lára (1921) Jón Marvin (1922) Leifey Rósa (1924) Guðmundur (1925) Anna Freyja (1926) Hjörleifur Bjarki (1928) Guðrún Hulda (1930) Gestur (1931) Ragnar (1933) Snjólaug Bára (1936) Vilhelm Jónatan (1937)

		Aðalheiður (1940)
1947-1979	Vilhelm Guðmundsson	
1961-1963	Haraldur Guðmundsson Ingibjörg Arnfríður Helgadóttir	Helga Dýrleif (1950) Ingvar (1953)
2001	Haraldur Guðmundsson Lára Guðmundsdóttir Jón Marvin Guðmundsson Guðmundur Guðmundsson Anna Freyja Guðmundsdóttir Hjörleifur Bjarki Guðmundsson Guðrún Hulda Guðmundsdóttir Gestur Guðmundsson Snjólaug Birna Guðmundsdóttir Aðalheiður Guðmundsdóttir Vilhelm Guðmundsson Nanna Kristín Christiansen Eiríkur Pétur Christiansen	7,69% 7,69% 7,69% 7,69% 7,69% 7,69% 7,69% 7,69% 7,69% 7,69% 7,69% 7,69% 7,69% 7,69%
2003	Ingibjörg A Helgadóttir Guðrún Hulda Guðmundsdóttir Gestur Guðmundsson Snjólaug Birna Guðmundsdóttir Vilhelm Guðmundsson Nanna Kristín Christiansen Eiríkur Pétur Christiansen	7,69% 53,85% 7,69% 7,69% 7,69% 7,69% 7,69%
2005	Helga Dýrleif Haraldsdóttir Ingvar Haraldsson Guðmundur Haraldsson Hjörleifur Mar Haraldsson Sigríður Björg Haraldsdóttir Haraldur Örn Haraldsson Guðrún Hulda Guðmundsdóttir Gestur Guðmundsson Snjólaug Birna Guðmundsdóttir Vilhelm Guðmundsson Nanna Kristín Christiansen Eiríkur Pétur Christiansen	1,28% 1,28% 1,28% 1,28% 1,28% 1,28% 53,85% 7,69% 7,69% 7,69% 7,69% 7,69% 7,69%
2005	Helga Dýrleif Haraldsdóttir Ingvar Haraldsson Guðmundur Haraldsson Hjörleifur Mar Haraldsson Sigríður Björg Haraldsdóttir Haraldur Örn Haraldsson Gestur Guðmundsson Snjólaug Birna Guðmundsdóttir Nanna Kristín Christiansen Eiríkur Pétur Christiansen	1,28% 1,28% 1,28% 1,28% 1,28% 1,28% 7,69% 7,69% 7,69% 69,23%

2006	Helga Dýrleif Haraldsdóttir Ingvar Haraldsson Sigríður Björg Haraldsdóttir Gestur Guðmundsson Snjólaug Birna Guðmundsdóttir Nanna Kristín Christiansen Eiríkur Pétur Christiansen	5,13% 1,28% 1,28% 7,69% 7,69% 7,69% 69,23%
------	---	--

**Rafstöðin á Karlsá 1935.**

(Fasteignamat 1940).

Eigandi Þorsteinn Jónsson, kaupmaður en ábúandi Hannes Þorsteinsson sonur hans. Rafstöð, 10 hestöfl, steinsteypt með pappaþaki.



**Miðkot** 1935 (Neðra-Upsakot 1712) (Fastanúmer: 2154616 / Landsnúmer: 151370).

(Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar).

Steinhús á grunni, baðstofa úr torfi. Miklar viðgerðir, sérstaklega þarf að setja dyr vestur úr baðstofu og gera við reykháf. Óbúðarhæft. Íbúar 12. Húsráðendur; Anna Jónsdóttir, Páll Guðlaugsson og Ólöf Gunnlaugsdóttir.

(Fasteignamat 1940).

Eigandi og ábúandi er Páll Guðlaugsson. Stærð túns 4,5 hektarar. 3 kýr, 1 hestur og 16 kindur. 5 mans í heimili. Íbúðarhús byggt 1926, baðstofa torf hliðv. torf hik. timbur 8,2 x 3,8 x 3,2 m.

Timburhús á steinsteyptum grunni 1 hæð, port og ris með kvisti pappalagðir veggir og járn á þaki. stærð: 7,5 x 6,3 x 4,8 m. Ekki vandað, ófullgert.

Önnur bæjarhús, geymsluhús milli baðstofu og búrs úr timbri með járnþaki. 5,7 x 2,6 x 2,0 m.

Fjós fyrir 3 kýr, járn, innanfóðrað. Fjárhús fyrir 14 kindur úr torfi. Hlaða 100 m<sup>3</sup> timburveggir járnþak nýlegt. Á jörðinni eru smábýlin Bjarnastaðir og Bessastaðir, enn fremur 3 sjóskúrar. Úr jörðinni var seld lóð undur býlið Mór, 1000 m<sup>2</sup>.

*Stutt saga húss:*

(Svarfdælingar, seinna bindi).

Upsakirkja var eigandi Miðkots en árið 1914 keypti Jón Hansson það. Dóttursonur hans, Páll Guðlaugsson, eignaðist Miðkot 1930 og nú á það Hafsteinn sonur hans.

Anna María Jónsdóttir fæddist í Miðkoti árið 1889. Fyrri maður hennar var Guðlaugur Sigurjónsson. þau tóku við búi í Miðkoti af foreldrum Önnu 1920. Guðlaugur lést árið 1924 af völdum voðaskots, er hljóp úr byssu hans begar hann var á sjó á báti sínum.

Ekkjan stóð áfram fyrir búi í Miðkoti eftir dauða manns síns til 1933 en þá tók sonur hennar Sigurjón Páll Guðlaugsson við ábúðinni. Anna giftist 1932 seinni manni sínum, Kristni Hallgrímssyni, sem þá var ekkill. Hann hafði misst konu síns, Snjólaugu Jónsdóttur 1928 frá fjórum ungu börnum. Kristinn og Anna áttu heima í Miðkoti öll sín hjúskaparár, en fengust lítið við búskap.

Páll Guðlaugsson stóð fyrir búi í Miðkoti 1933 til 1960. Í jarðskjálftanum 2. júní 1934 eyðilagðist Miðkotsbærinn alveg og byggði Páll þá í staðinn einnar hæðar timburhús á steinsteyptum grunni, með porti og risi og kvisti, pappalagðir veggir og járn á þaki. Kona hans var Ólöf Vigfúsína Gunnlaugsdóttir.

Hafsteinn, sonur Páls og Ólafar tók við búi af foreldrum sínum 1960 ásamt konu sinni Filippú Jónsdóttur. Þau byggðu sér nýtt hús 1970 sunnan við eldra húsið og búa í því enn. Páll og Ólöf bjuggu áfram í gamla bænum meðan bæði lifðu. Nú býr þar sonur Hafsteins og Filippú, Jóhannes og kona hans Heiðrún Ásgeirs dóttir.



*Athugasemdir um húsið:*

Gamla húsið frá 1934 hefur varðveislugildi sem hluti af því yfirbragði sem Dalvík fékk við uppbygginguna eftir skjálftann 1934.

*Athugasemdir um umhverfi húss:*

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1888-1932 -1944	Jón Hansson Anna Jónasína Björnsdóttir	Anna María (1888)
1920-1924 1889-1973	Guðlaugur Sigurjónsson Anna María Jónsdóttir	Sigurjón Páll (1910) Jóhann Árni (1912) Jóhannes Friðrik (1914) Gunnar Kristinn (1917) Sigurpáll Anton (1920) Dórothea Sigrún (1923) Svafa Ragnheiður (1933) Arngrímur Ægir (1935)
1932-1973	Kristinn Hallgrímsson	
1934-1997 -1980	Sigurjón Páll Guðlaugsson Ólöf Vigfúsína Gunnlaugsdóttir	Jón Héðinn (1936) Hafsteinn Bragi (1939)
1960-	Hafsteinn Bragi Pálsson Filippía Jónsdóttir	Jóhannes (1962) Arna Gerður (1964) Sigriður Ólöf (1972)
1982-1985	Jóhannes Hafsteinsson Elín Guðrún Gunnarsdóttir	
1991-1992	Sigríður Ólöf Hafsteinsdóttir	
1997-1998	Enginn býr	
1998- 2006	Jóhannes Hafsteinsson Heiðrún Ásgeirs dóttir	
2006-2009	Heiðar Berg Hjartarson	

**Mór 1938** (fastanúmer : 215-5394 / Landnúmer : 151813).

(*Fasteignarmat 1940*).

Eigandi og ábúandi Sigurður Guðjónsson. Stærð lóðar 0,35 ha. Íbúðarhús úr timbri með pappaklæddum veggjum og járn á þaki. Stærð l: 6,5 b: 6,5 h: 5,5 m. Skúr steinsteyptur með járnþaki. Stærð l: 6,3 b: 4,0 h: 3,0 m. Fjárhús fyrir 15 kindur úr torfi og hlaða 30 m<sup>3</sup> úr torfi með járnþaki.

(*Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986*).

(eigandi Gunnar Þorsteinsson) Kjallari úr steinsteypu og hæð úr timbri, járnklædd og ris þak járnklætt. Kjallara skipt með Stein og timburskilrúm. Í 4 hólf gang og uppgöngu á hæðina. Hæð skipt mið timburskilrúmum í 5 herbergi og stigahús. Stærð: L- 6,3 B- 6,3 H- 5,5.

Áfast við húsið er byggt geymsluhús úr steinsteypu mið bárðárnsþaki skipt með timbri í tvö hólf. Stærð: L- 6,3 B-4,0 H- 2,7.



(*Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar*).

Lítið timburhús á steyptum kjallara. Lítið skemmt, litlar viðgerðir. Athuga reykhað. Íbúðarhæft. Húsráðendur; Sigurður Guðjónsson og Anna Sigurðardóttir.

*Stutt saga húss:*

(*Svarfdælingar seinna bindi bl. 456*).

Smábýli reist af hjónunum Guðjóni Jóhannssyni og Sigurlínu S. Sigurðardóttur 1902 í Miðkotslandi. Torfbær með hálfþili var þar til 1924, en þá var reist þar timburhús. Þau bjuggu í Mó til 1929. Sonur þeirra Sigurður var fyrst eftir giftingu hjá foreldrum sínum í Mói en fluttist í Gjallanda 1908 og í Litlahól 1913 en flutti þá aftur í Mó og var þar til æviloka. Kona hans var Anna Sigurðardóttir. Laufey Sigurðardóttir dóttir þeirra og Gunnar Þorsteinsson maður hennar tóku við húsinu 1943, og bjuggu þar allan sinn búskap.

Árið 1997 keyptu þau Magnús Hauksson frá Sæbóli og kona hans Þórunn Kristín Sigurðardóttir Mó og bjuggu þar frá 2001 til 2004 en seldu þá Arnari Steini Sveinbjörnssyni húsið. Arnar bjó aldrei í Mó en leigði það eitt ár og seldi það svo Lilju Tahirih Þorsteinsdóttur 2009 og hún átti það til 2013 þegar Hömlur 1 ehf eignuðust Mó.

*Athugasemd um húsið:*

Upp úr miðri öldinni sem leið, var sett bárðárhnutan á húsið í stað pappa sem upphaflega var. Gluggum hefur verið breytt. Inngangsskúr hefur verið byggður við aðalinngang að austan. Að öðru leiti er húsið óbreytt í últiti frá upphafi.

*Athugasemd um umhverfi húss:*

Stærð lóðar er 2.480,0 m<sup>2</sup> eignarlóð. Venjuleg netgirðing er í kringum lóð. Lítill trépallur er vestan við húsið og skjólveggir úr timbri þar utanum. Lágvaxnar trjáhríslur eru sunnan og vestan húss. Malarvegur liggar frá þjóðvegi að húsinu að austan.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1929-1943 -1971	Sigurður Jón Guðjónsson Anna Sigurðardóttir	Kristján Jón Helgi (1907) Guðjón Sigurvin (1908) Rósá (1910) Sævaldur Jóhann (1912)

		Hallgrímur Friðrik (1913) Jón Kristinn (1915) Sigrún (1916) Óskar Albert (1918) Laufey (1920) Sigurður Marinó (1922) Lilja (1925)
1943-1999 -1998	<b>Gunnar Þorsteinsson</b> <b>Laufey Sigurðardóttir</b>	Sigurbjörg (1952) Arnleif (1956)
1985-1993	Rósa Sigurðardóttir	
1999-2001	Enginn býr	
2001-2004	<b>Pórir Magnús Hauksson</b> Þórunn Kristín Sigurðardóttir	Gunnar Árni (1986) Guðlaug Ragna (1989) Sigurður Leó (1996)
2004-2008	Enginn býr	
2004-2009	<b>Arnar Steinn Sveinbjörnsson</b>	
2008-2009	Haflidi Jón Hauksson	
2009-	Enginn býr	
2009-2013	<b>Lilja Tahiri h Þorsteinsdóttir</b>	
2012-	Sigurjón Ásgírmur Pálason	
2013	<b>Hömlur 1 ehf.</b>	

**Svalbarð** 1930-33. (Fastanúmer: 215-5407 / Landnúmer 151824).

(Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar).

Steinhús, lítið og tvílyft. Mikið skemmt. Þarfnað mikilla viðgerða. Óibúðarhæft. Íbúar 11. Húsráðendur; 1) Sigurður Bjarnason og Kristín Jóhannsdóttir 2) Haraldur Ólafsson og Rós Sigurðardóttir.

(Fasteignarmat 1940).

Eigandi Sigurður Bjarnason. Ábúendur Sigurður Bjarnason og Haraldur Ólafsson. Stærð lóðar 1,0 ha. Íbúðarhús úr steinsteypu 2 hæðir með risi, járnþak. Stærð húss l:9,5 b: 6,8 h: 6,0 m.

Fjós fyrir 2 kýr steinsteypt með járni á þaki. Fjárhús fyrir 10 kindur úr torfi. Hlaða 80 m<sup>3</sup> steinsteypt með járni á þaki.



(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1953)

Áfast íbúðarhúsinu er byggt úтиhús úr steinsteypu á steinsteyptum grunni skipt í 4 hluta með timbur skilrúnum  $\frac{1}{4}$  hluti óþiljaður innan, hitt þiljað með timbri. Gólf úr steinsteypu, þak úr járni á langböndum. Stærð 8,0 x 6,5 x 3,0 m.

(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986)(sagt þar að hús sé byggt 1935).

(Húsinu skipt í tvær eignir. Eigendur: Sveinn Sigurðsson 50% og Haraldur Rögnvaldsson 50%) Húsið steinsteypt á tveimur hæðum. 1,6 m risþak, járnklætt. Stærð húss: L-9,5 B- 6,85 H- 6,0. Eignarhlutur Sveins: á 1. hæð skipt með timbri í 3 hólf og á annarri hæð skipt í 3 hólf með timbri, gangur á báðum hæðum og stigauppgangur.

Eignarhlutur Haraldar: á 1. hæð skipt með timburskilrúnum í 3 hólf og á 2. hæð skipt með timburskilrúnum í 2 hólf, gangur og báðum hæðum og stigauppgangur.

Samþyggð íbúðarhúsi er hesthus L- 4,1 B- 3,7 H- 2,5 og heyhlaða úr steinsteypu með járnklæddu þaki L- 6,6 B- 6,5 H-3,0.

Bílskúr, skúrbyggður úr timbri, múrhúðaður, með járnklæddu skúrþaki. Stærð: L- 6,6 B- 5,1 H- 2,2. Bílskúr, úr timbri, járnklæddur, með járnklæddu risþaki. Stærð: L- 6,0 B- 5,1 H- 2,6.



*Stutt saga húss:*

(Svarfdælingar seinna bindi bl. 476).

Íbúðarhús í nýbarokkstíl, úr steinsteypu byggt 1930 til 1933 utan við Brimnesá. Húsið byggði Jóhann Jóhannesson á Jaðri fyrir Sigurður Beck Bjarnason fyrrum bóna í Háagerði og tengdason hans Haraldur Ólafsson. Húsið skemmdist mikið í jarðskjálftanum 1934 og þarfnaðist mikilla viðgerða. Það dæmdist óibúðarhæft. Stafnar hússins sprungu og brotnuðu svo það þurfti að steypa þá upp. Reykháfur brotnaði af og hentist út á tún án þess að koma við húsið í leiðinni. Sigurður Beck bjó á Svalbarði ásamt konu sinni Kristínu G. Jóhannsdóttir til æviloka, hann dó 1964. Haraldur kom til Dalvíkur 1931 og kvæntist Rósu Sigurðaróttur. Þau bjuggu á Svalbarði allan sinn búskap en Haraldur dó 1963. Sveinn Sigurðsson eignaðist húsið 1982 og átti það til 1995 þegar núverandi eigandi, Haraldur Rögnvaldsson eignaðist það.

*Athugasemd um húsið:*

Svalbarði hefur tekið margvíslegum útlitsbreytingum. Árið 1951 var byggður skúr vestan við húsið þar sem komið var fyrir þvottahúsi og kyndiklefa. Það var ekki fyrr en núverandi eigandi Haraldur Rögnvaldsson léttaka húsið í gegn. Fyrst létt hann smíða nýja glugga í allt húsið en létt útlit þeirra halda sér. Ólafur Viðar Hauksson smíðaði þá. Árið 200? Tók byggingaverktakinn Árfell ehf. að sér að skipta um bak á húsinu. Við það tækifæri voru stafnar sem stóðu upp fyrir þakið í nýbarokkstíl, brotnir niður og þakið klætt út fyrir stafninn og gerður nýr þakkantur. Í stað bárujárnsins sem var á þakinu var sett ný stálklæðning sem líkir eftir þaksteini. Húsið var allt einangrað að utan í timburgrind með 2ja tommu steinull, settur pappi á grindina og húsið klætt með bárujárni. Einnig var gert við gamla fjósið sem er áfast húsinu á norðan. Gerðar voru bílskúrsdyr á það að austan og fjósinu breytt í bílskúr. Byggður var inngangsskúr með risþaki austan við húsið við aðallinngang.

Æskilegt væri að nýbarokkeinkenni hússins yrðu aftur dregin fram í dagsljósið þegar næst verður ráðist í meiri háttar viðgerð hússins.

*Athugasemdir um umhverfi húss:*

Húsið stendur á 10.311,0 m<sup>2</sup> eignarlóð í 100% eigu Haraldar Rögnvaldssonar. Myndarlegur garður er við Svalbarð. Hlaðinn hefur verið fallegur bogadreginn torfhleðsluveggur sunnanvið húsið. Á honum er skjólgirðing og sólpallur innanvið. Hávaxin trú eru í garðinum.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1933-1964 -1982	<b>Sigurður Beck Bjarnason</b> Kristín Gunnlaug Jóhannsdóttir	Rósa (1910) Jóhann (1912) Friðleifur Kristinn (1913) Sveinn (1919)
1933-1963 -1981	<b>Haraldur Ólafsson</b> Rósa Sigurðardóttir.	Haukur (1933) Hrefna (1934) Sigurður Kristinn (1941) Jónas Þór (1947)
1982-1995	<b>Sveinn Sigurðsson</b>	
1995	<b>Haraldur Rögnvaldsson</b> Katrín Fjóla Guðmundsdóttir	Ívar Örn Pétursson (1985) Helga Sif Pétursdóttir (1989)

**Svæði** 1934 (Fastanúmer: 215-5411 / Landnúmer: 151825).

(*Fasteignamat 1931*).

Eigandi og ábúandi Sigurður Jóhannsson. Tún, 1,44 ha.  
(rúmur ½ ræktað) Torfbær 8,75 x 3,75 m.



(*Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar*).

Torfbær – stæðilegur. Lítið skemmdur, litlar viðgerðir nema á reykháf. Húsráðendur 1) Sigurður Jóhannsson og Ingibjörg Sigurðardóttir. 2) Guðjón Sigurðsson og Unnur Sigurðardóttir.

(*Fasteignarmat 1940*).

Eigandi Sigurður Jóhannsson og ábúendur Sigurður Jóhannsson og Guðjón Jóhannsson. Stærð lóðar 2,6 ha. Íbúðarhús úr timbri á steinsteyptum grunni, járnklætt. Stærð húss l: 8,9 b: 7,0 h: 3,0 m.

Fjós fyrir 2 kýr og geymsla steinsteypt með járnþaki. Stærð 4,8 x 3,5 x 2,5 m.

Fjárhús fyrir 14 kindur úr torfi og timbri. Hlaða 50 m3 steinsteypt með járnþaki.

(*Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986*).

(Eigandi Guðjón Sigurðsson) Steinsteptyt hús með járnklæddu ris þaki. Kjallari, skiptur með steinst. skilrúnum í 3 hólf. Hæð skipti í 9 hólf og forstofu. Stærð: L- 8,50 B- 6,9 H- 2,95.

*Stutt saga húss:*

(*Svarfdælingar, seinna bindi bl. 462*).

Svæði nefnist smábýli í Upsalandi rétt fyrir utan Efstakot, byggt af Símoni Jónssyni 1908. Hafði hann áður búið á hluta af Karlsá 1905 -08, í nýbýli sem hann kallaði Svæði og enn sér tóftir eftir. Nafnið flutti hann svo með sér þegar hann byggði Svæði sem nú er. Sigurður Jónsson frá Sandá bjó um tíma á Langanesi, en fluttist aftur heim ásamt sambúðarkonu sinni Ingibjörgu Sigurðardóttur 1919 og bjó á Dalvík, í svokölluðu Svartahúsi til 1921. Þá keypti hann Svæði og bjó þar til dauðadags, síðustu árin í félagi við tengdason sinn. Sigurður byggði nýjan bæ í Svæði þegar hann kom þangað. Það var torfbær með heilpili og tveimur hálfþiljum, og stóð hann til 1934, þegar þeir tengdafeðgar, Sigurður og Guðjón Sigurðsson, reistu timburhús á 90 cm. þykkum steyptum sökkli. Unnur, dóttir Sigurðar og Ingibjargar og maður hennar, Guðjón, tóku alfarið búskap á Svæði um 1945. Árið 1958 reistu þau viðbyggingu við norðurgafl hússins, sem er hlaðin úr r- steini á steyptum kjallara. Mænisstefna viðbyggingarinnar er þvert á stefnu eldra hússins. Guðjón og Unnur bjuggu á Svæði allan sinn búskap eða til 1985 þegar þau fluttust í Dalbæ, heimili aldraðra á Dalvík. Af þeim keypti ?? Svæði en átti það aðeins í eitt ár og húsið stóð autt þann vetur og lá undir skemmdum. Það var svo vorið 1986 sem núverandi eigendur þau Heiða Hringsdóttir, dóttur dóttir þeirra Unnar og Guðjóns, og hennar maður Magnús Á Magnússon eignast Svæði.



*Athugasemd um húsið:*

Þau hófust handa við endurbætur á húsinu 1999. Þau rifu klæðningu innan á veggjum og hreinsuðu burt reiðing sem notaður var til einangrunar og einangruðu gamla partinn upp á nýtt með 3 tommu steinullareinangrun. Í framhaldi að því var bárujárn sem var utan á húsinu, fjarlægt og allir gluggar teknir og nýir gluggar settir í staðin og þeim breytt. Í eldri partinum voru glugga með einum liggjandi pósti sem skiptu honum í eina stóra rúðu að neðan og í minna hólf að ofan sem var skipt með einum

standandi pósti í litla rúðu og laust fag. Í staðinn voru settir gluggar með tveimur standandi og tveimur liggjandi póstum sem skipta glugganum í átta eins rúður og eitt laust fag. Í yngri hluta hússins voru gluggar með tveimur standandi póstum og einum liggjandi sem skiptu honum í þrjár stærri rúður að neðan og tvær minni að ofan og laust fag í miðju í efri röðinni.

Húsið ber skýran vott um hirðusemi og alúð.

*Athugasemdir um umhverfi húss:*

Stærð íbúðarhúsalóðar er 400,0 m<sup>2</sup> í eigu Dalvíkurbyggðar. Malarvegur liggur frá þjóðveri að húsinu. Hellulagt plan er norðan og austanvið húsið að inngangsskúr í kjallara að norðan og að aðalinngangi að austan. Hlaðnar útitróppur að aðalinngangi. Stór og mikill sólpallur úr timbri er vestan við gamla húsið og sunnan við nýjasta hlutann. Skjólveggur úr timbri er vestan við þennan pall, frá suð-vestur horni nýja hússins. Garður er sunnan við húsið ristur með timbupilargirðingu.



### Eigenda og íbúaskrá

Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1921-1948 -1963	<b>Sigurður Jóhannsson</b> <b>Ingibjörg Sigurðardóttir</b>	Unnur (1908)
1932-1986	<b>Guðjón Sigurvin Sigurðsson</b> <b>Unnur Sigurðardóttir</b>  (fósturdóttir)	Snjólaug Sigurlína (1932) Kjartan (1935) Ragnheiður (1937) Sigurbjörg (1939) Albína Hugrún Marinósdóttir (1943)
1974?-1975	Sigurður Harðarson	
1985-	<b>Magnús Ásgeir Magnússon</b> <b>Heiða Hringsdóttir</b>	Tinna Smáradóttir (1981) Darri Sigurvin (1991) Mjöll Sigurdís (1999)
1992-1994	Tanya Mosby	
1991-2002	Tinna Smáradóttir	

**Sæból 1934** (Fastanúmer: 215-5414 / Landnúmer: 151826)

(Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar)

Torfbær, ónýtur og óbyggilegur. Húsvilltir 7. Húsráðendur Gunnlaugur Guðjónsson og Sesselja Sigurðardóttir.

(Fasteignarmat 1940)

Eigandi og ábúandi Gunnlaugur Guðjónsson. Stærð túns 1/3 ha. Íbúðarhús úr járbentri steinsteypu, 1 hæð, ris og járn á þaki. Stærð húss l: 6,3 b: 6,0 h: 3,3 m / 125 m<sup>3</sup>.

Fjós fyrir 1 kú úr torfi.



*Fundargerð 3. júní 1960:*

Borist hefur teikning að viðbyggingu við íbúðarhúsið Sæból II Dalvík. Er þar gert ráð fyrir 58 m<sup>2</sup> aukningu. Byggingin yrði hlaðin úr err-steini, með risi. Nefndin samþykkti teikninguna samhljóða og veitti umbeðið byggingarleyfi

(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986)

(eigandi: Haukur Tryggvason) Steinsteptyr hús þak járnklætt, risþak. Ein hæð, skipt með steinskilrúnum og timbur í 7 hólf gang og forstofu.

Stærð: L- 8,30 B- 5,85 H- 3,20 L- 4,70 B- 5,55 H- 3,20

*Stutt saga húss:*

(Svarfdælingar, seinna bindi bl. 465)

Þurrabúðin Sæból reis árið 1909 í landi Upsa, milli Mós og Sæbakk. Sigurjón Jónsson stofnaði býlið og bjó þar til æviloka ásamt konu sinni Kristínu Stefánsdóttur. Dóttir þeirra, Sesselja, tók við búi í Sæbóli 1926 af foreldrum sínum, ásamt manni sínum Gunnlaugi M. Guðjónssyni. Torfbærinn sem Sigurjón byggði hrundi og eyðilagðist í jarðskjálftanum 1934 en í staðinn bar byggt íbúðarhús úr járbentri steinsteypu, á einni hæð, með risi og járn á þaki. Guðlaugur og Sesselja bjuggu í Sæbóli til ársins 1958 þegar dóttir þeirra Guðlaug Anna og maður hennar Haukur Tryggvason tóku við. Þau bjuggu allan sinn búskap í Sæbóli og komu upp stórum hópi barna. Það kallaði á það að árið 1960 var byggð við Sæból og húsið stækkað um helming. Árið 2005 tók sonur þeirra, Magnús og kona hans Þórunn Kristín Sigurðardóttir, við húsinu og búa það nú.

Sæból



*Athugasemdir um húsið:*

Á fundi byggingarnefndar 3. júní 1960 var tekið fyrir umsókn um viðbyggingu við íbúðarhúsið að Sæbóli. Er þar gert ráð fyrir 58 m<sup>2</sup> stækkun. Viðbygginingin hlaðin úr r-steini, með risþaki sem hefur mænisstefnu þvert að mænisstefnu eldra húss. Á árum fyrir 2000 var skipt um glugga í eldri hluta hússins og þeim breytt. Áður voru gluggar með einum liggjandi pósti sem skipti þeim í minna hólf að ofan og stærra að neðan og var því hólfir skipt með standandi pósti í tvær jafnstórar rúður. Efra hólfir var skipt með tveimur standandi pósum í þrjú jafnstór hólf og var laust fag í miðhólfinu. Nýju gluggarnir eru með krosspósta sem skipta glugganum í fjögur jafnstór hólf og laust fag í einu þeirra.

Sæbólshúsið er hluti af því yfirbragði sem byggðin fékk eftir skjálfann 1934 og sem mikilvægt er að varðveita sem best. Æskilegt er að hugað verði að upphaflegu últiti hússins við þær endurbætur sem gerðar verða í framtíðinni.

*Athugasemdir um umhverfi húss:*

Stærð íbúðarhúsalóðar er 1.500,0 m<sup>2</sup> í 100% eigu Hafsteins Braga Pólssonar. Engin girðing er í kringum húsið og engin tré. Fjárhús sem byggð voru 1934 eru vestan við húsið og notuð sem geymsluhús. Annar skúr frá því milli 1990 og 2000 er þar líka. Skjólveggur úr timbri er vestan húss, við hana hellulagður sólpallur.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1926-1958 -1976	<b>Gunnlaugur M. Guðjónsson</b> Sesselja Sigurðardóttir	Anton (1913) María Jónasína (1920) Baldvina (1925) Guðlaug Anna (1928)
1958-2005 -1988	<b>Haukur Tryggvason</b> Guðlaug Anna Gunnlaugsdóttir	Kristín Elsa (1957) Hallfríður Jóna (1958) Hafliði Jón (1960) Pálína (1962) Þórir Magnús (1963)
1988- 2005	<b>Þórir Magnús Hauksson</b> <b>Þórunn Kristín Sigurðardóttir</b>	Gunnar Árni (1986) Guðlaug Ragna (1989) Sigurður Leó (1996) Magnúsadríán Mellado (2006)
1992-2000	Pálína Hauksdóttir	Kristófer Hafliði Lee (1988) Steven Rúnar Lee (1991)
1995-1999	Colonial Washington Robinson Kristin Elsa Hauksdóttir	Águst Freyr Ágústsson (1980)